



Alþýðusamband Íslands

Tryggingafræðileg staða lífeyriskerfisins

Aðeins þeir lífeyrissjóðir sem eru gjaldhæfir hafa heimild til að taka við iðgjöldum frá sjóðfélögum. Gjaldhæfur sjóður er sá sem á eignir sem eru a.m.k. jafn miklar og skuldbindingar sjóðsins. Þegar gjaldhæfi er metið eru skoðaðar allar lífeyrisskuldbindingar viðkomandi sjóðs þ.e. bæði þau réttindi sem núverandi sjóðfélagar hafa nú þegar áunnið sér og framtíðarskuldbindingar sem eru þau réttindi sem núverandi sjóðfélagar munu að líkindum vinna sér inn þar til þeir hefja töku lífeyris. Eignir sjóðs eru metnar sem núverandi eign (hrein eign) að viðbættum þeim framtíðariðgjöldum sem sjóðurinn má vænta að núverandi sjóðfélagar muni greiða til hans þar til þeir hefja töku lífeyris.

Skuldbindingar lífeyrissjóðs = Áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga + framtíðarskuldbindingar

Eignir lífeyrissjóðs = Hrein eign + verðmæti framtíðariðgjalda

Stjórn lífeyrissjóðsins er skylt að láta gera tryggingafræðilega úttekt á fjárhag sjóðsins árlega. Tryggingafræðileg úttekt er gerð til þess að meta hvort eignir sjóðs geti staðið undir skuldbindingum hans hverju sinni, þ.e. hvort sjóður er gjaldhæfur. Tryggingafræðilega matið skal miða við að raunávöxtun á eignum sjóðanna sé 3,5% á ársgrundvelli. Ef lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði uppfyllir ekki gjaldhæfiskröfur þ.e. að eignir sjóðs standa ekki undir skuldbindingum hans og ekki útlit fyrir að breyting verði þar á í náinni framtíð, ber stjórn sjóðsins að leggja til breytingu á réttindum sjóðfélaga til að lagfæra stöðu sjóðsins að því gefnu að þau verði ekki lakari en lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum. Sé staða sjóðsins hins vegar svo slæm að sjóðurinn uppfylli ekki gjaldhæfiskröfurnar þrátt fyrir að hafa fært réttindi niður að lágmarksréttindum ber stjórn sjóðsins að leita sameiningar við annan lífeyrissjóð.

Lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA eru söfnunarsjóðir sem standa sjálfir undir skuldbindingum sínum. Þetta þýðir að ef staða sjóðsins er góð er hægt að auka lífeyrisréttindi en ef hún er slæm þarf að skerða þau. Þetta er ólíkt því sem gerist í sjóðum sem njóta

bakábyrgðar launagreiðenda á lífeyrisréttindum, líkt og í lífeyrissjóðum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Ef skuldbindingar eru umfram eignir í þessum sjóðum haldast lífeyrisréttindi óskert en standa straum af mismuninum úr sjóðum ríkis og sveitarfélaga.

Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu lífeyriskerfisins í árslok 2008 má sjá undir kaflanum *Nánari upplýsingar*.

Sundurliðun á tryggingafræðilegri stöðu einstakar lífeyrissjóða í árslok 2008 má sjá undir kaflanum *Nánari upplýsingar*.